

B.t. Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis. 28. Apríl 2011

Athugasemdir SKELRÆKTAR, hagsmunasamtaka skelræktenda.

Vegna setningar laga um skeldýrarækt vor 2011.

201. mál

Stjórn SKELRÆKTAR hvetur alla þingmenn til að styðja einstakt tækifæri til umhverfisvænnar atvinnusköpunar í framleiðslu sjávarafurða. Ræktaður kræklingur er ein af stærri matvælategundum á Evrópumarkaði, neyslan telur um 900.000 tonn á ári.

Tækifæri Íslands felst í þeim aðstæðum sem hafa þróast á markaði fyrir krækling. Sífellt þrengir að ræktendum á gömlum ræktunarsvæðum í Evrópu. Rótgróin fyrirtæki í Evrópu grípa til sífellt kostnaðarsamari úrræða til að tryggja eigin framleiðslu en ná þó ekki að halda í við stöðugt aukna eftirspurn. Ferskur lifandi kræklingur er ekki fluttur inn frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Frumkvöðlar á Íslandi hafa byggt upp mikla þekkingu í greininni í samvinnu við mennta- og rannsóknastofnanir. Allar forsendur eru til staðar til byggja upp eina af stærstu útflutningstegundum íslensks sjávarfangs ef sprotafyrirtækin í greininni fá að vaxa. Hafa ber í huga að þróun greinarinnar er á sama veg og í nágrannalöndunum þ.e. mörg smá sprotafyrirtæki hafa farið af stað án þátttöku stærri fyrirtækja. Erlendis (Kanada Skotland) hefur sú stefna verið tekin að styðja við þróun sprotafyrirtækja í greininni. Allar forsendur eru til staðar til að byggja upp umhverfisvæna atvinnugrein sem getur skilað miklum tekjum til hins opinbera og byggt upp ný grunnstörf víðsvegar við strendur landsins.

ATHUGASEMDIR vegna frumvarps til laga um skeldýrarækt:

Almennt 1. SKELRÆKT styður þá nálgun sem notuð var við smíði nýrra laga um skeldýrarækt þar sem einn ábyrgur eftirlitsaðili, Matvælastofnun (MAST) ber ábyrgð á leyfisveitingum. Eðlilegt er að MAST sé í lykilhlutverki þar sem áhættuþættir framleiðslunnar snúa nær eingöngu að eiturþörungavöktun og heilnæmisefirliti. Þessir þættir eru á ábyrgð MAST.

Almennt 2. SKELRÆKT mótmælir þeim tilhneigingum sem koma fram í athugasemdum nokkurra stofnana sem fela í sér óeðlilegar gjaldtökuheimildir. SKELRÆKT leggur fram kröfu um að gjaldtöku á sprotafyrirtæki skuli sleppt eða stillt mjög í hóf. Gjaldtaka fari eftir einfaldri, skýrri og fastri gjaldskrá og innheimtist aðeins hjá einum aðila; MAST. Ennfremur er bent á að skynsamlegast er að eftirlit og mælingar séu sprotafyrirtækjum að kostnaðarlausu þar til þau eru komin á legg og myndað tekjur af sölu afurða.

Almennt 3. SKELRÆKT vill undirstíra mikilvægi þess að lögín séu einföld og skýr. Nokkuð hefur borið á athugasemdum sem hníga að því að setja inn í frumvarpið texta sem lúta að öðrum sviðum t.d. verndun fugla. Hér er um sérlög að ræða sem ná til sérhæfðra þátta skeldýraræktar. Óæskilegt er að blanda öðrum lögum inn í lög um skeldýrarækt. Rétt er að benda á í þessu samhengi að hér er um fyrstu útgáfu laganna að ræða þ.e. mögulegt er að bæta við lögín og gefa út reglugerðir ef í ljós kemur síðar að þau reynist ófullnægjandi.

Almennt 4. Fram kemur í athugasemdum að sveitarfélög og fleiri opinberir aðilar vilja koma að skipulagi á strandsvæðum utan netlaga. SKELRÆKT mælist eindregið til þess að þróun og breytingar á lögum um skipulag á sjó utan netlaga verði ekki til að tefja fyrir afgreiðslu laga um skeldýrarækt.

SKELRÆKT

hagsmunasamtök skelræktenda

Breytingar á skipulagslögum kunna að taka nokkurn tíma enn og taka væntanlega til skelræktarsvæða þegar þau lög eru tilbúin. Að öðru leyti er ekki eðlilegt að lögum um skipulag sé blandað við lög um starfsemi.

Almennt 5. Fram hefur komið í athugasemdum að fiskeldi og skelrækt fari að jafnaði vel saman. Vel getur hentað að staðsetja skelrækt í straumi frá fiskeldiskvíum þar sem fæðuagnir og þörungur sem nærast á næringarefnum frá fiskeldi síast upp í skelrækt. Hinsvegar eru samlokuskeljar og fiskar ólíkar lífverur og engin fordæmi fyrir því að tegundirnar hafi truflandi áhrif á hver aðra. Þvert á móti hefur æ víðar verið farið út í skelrækt í þeim tilgangi að nýta (hreinsa) efna- og fæðuagnarek frá fiskeldi til að draga úr umhverfisáhrifum fiskeldis (polyculture).

Auðlindagjald. SKELRÆKT hafnar hugmyndum um auðlindagjald á skelræktarfyrtækni í ljósi þess að ekki er verið að taka af takmörkuðum stofni. Ræktunin er ótakmörkuð í tæknilegum skilningi þar sem einungis er bætt við búsvæði tegundarinnar sem til staðar er í náttúrinni. Vistfræðilega séð, felur skelrækt í sér örliða stækkun á hinum náttúrulega kræklingstofni við strendur landsins og stækkunin er nýtt af ræktunarfyrirtækjum. Ekki er sanngjarnt að leggja auðlindagjald á greinina á öðrum forsendum nema hið sama verði þá gert við allar aðrar greinar með samsvarandi hætti. Ekki er fráleitt að skelrækt geti skilað milljörðum króna í skatttekjur samkvæmt núgildandi skattalögum en þá og því aðeins að sprotafyrirtækin fái að vaxa.

1. Gr. – Markmið

SKELRÆKT styður þann einfalda og skýra texta sem fram kemur í 1. gr. og leggst gegn því að textinn verði lengdur jafnvel þó uppbygging skelræktar styðji í raun við markmið um náttúruvernd og viðhald líffræilegrar fjölbreytni eins og minnst er á í athugasemdum Umverfisnefndar.

2. Gr. – Gildissvið

SKELRÆKT leggur til að lögini taki einungis til skeldýraræktar í sjó og nái einungis yfir skeldýr sem ræktuð eru þ.e. án fóðrunar til aðgreiningar frá fiskeldislögum sem ná yfir dýr sem „alin“ eru (fóðruð). Engin „ræktunargrein“ er í sjónmáli þar sem skeldýr eru ræktuð án fóðrunar í ferskvatni. Endurskoða og útvíkka má lögini síðar ef sambærileg ræktun hefst í ferskvatni. Eins og er hefur einungis verið unnið með krækling og hörpuskel í ræktunartilraunum í sjó.

3. Gr. Skilgreiningar

SKELRÆKT vill benda á að mikill meirhluti ræktunarsvæða er utan netlaga oft á hafsvæði með 20 til 50 metra dýpi, og telur eðlilegt að það skipulagsvald sem fer með skipulag utan netlaga komi að úthlutun og skipulagi þeirra ræktunarsvæða. Hluti ræktunarsvæða er nú þegar innan netlaga og er eðlilegt að það skipulagsvald sem þar stýrir málum komi að skipulagi þeirra ræktunarsvæða. SKELRÆKT ítrekar stuðning við að MAST fari með samræmingu hvað varðar úthlutun leyfa.

(2): Skelrækt fer ekki fram sérstaklega við ármynni eða í sjávarlónum þó slík svæði geti hentað. Ræktunarsvæði hafa helst verið valin á skjólgóðum svæðum innfjarða þar sem botn dýpi er 12 til 60 metrar. Einnig geta ræktunarlínur verið settar upp fyrir opnu hafi. Núverandi

SKELRÆKT

hagsmunasamtök skelræktenda

texti getur einnig valdið þeim misstiiningi að skeldýr séu „tekin“ af svæðinu. Lögð er til breyting á mgr. Merkt (2): *Framleiðslusvæði: Strandsvæði þar sem ræktunarlinur skelræktar eru staðsettar*. Einnig er lögð til breyting á mgr. (4): *Mannvirki: Hvers konar byggingar og fastsettur búnaður sem notaður er við ræktun skeldýra*.

4. Gr. Stjórnsýsla

SKELRÆKT tekur undir svör SLR um að Landhelgisgæslan og /eða Fiskistofa sjái um eftirlit ræktunarbúnaðar í sjó (og þá eldisbúnaði fyrir fiskeldi; lög um fiskeldi). SKELRÆKT ítrekar þó að ekki er eðlilegt að Landhelgisgæslan og Fiskistofa komi að skipulagi og úthlutun leyfa öðruvísi en sem ráðgjafar eða umsagnaraðilar og taki þá ekki gjöld fyrir síka vinnu.

5. Gr. Svæðaskipting og starfsemi

Í fram komnum athugasemdum gætir þess gamla miskilnings nokkuð að ræktunarsvæði/starfsstöðvar verði aðallega innan netlaga. Reyndin er sú að þau ræktunarsvæði sem unnið er á eru að mestu utan netlaga. Þó er hluti ræktunarsvæðanna innan netlaga og er eðlilegt að þeir aðilar sem koma að skipulagi og eftirliti innan netlaga sinni sínu hlutverki varðandi þessa starfsemi. Til þess á ekki að þurfa að breyta lögum. SKELRÆKT ítrekar það viðhorf að sérstök lög um skeldýrarækt er mun æskilegri farvegur en að reyna að breyti lögum um fiskeldi. Ekkert er þó til fyrirstöðu að síðar verði fiskeldi og skelrækt sett undir heildstæðan lagabálk ef þurfa þykir.

SKELRÆKT mótmælir því að setja ákvæði æðarfugl og sel inn í lög. Skelræktarfyrirtæki fara að lögum sem gilda um æðarfugl og sel, sem og önnur landslög. Það er ekki góð og skýr lagasetning að blanda saman aðskildum málefnum í lögum jafnvel þó málefni tengist. Varðandi umsagnaraðila telur SKELRÆKT að ekki eigi að festa í lög fleiri aðila en nauðsynlegt er. Einnig þarf að forðast að tefja lagasetninguna vegna hugmynda um breytingar á lögum um skipulag á strandsvæðum. Eðlilegt er að þeir aðilar sem nú sjá um skipulag á svæðum innan netlaga annarsvegar og utan netlaga hinsvegar komi að skipulagi skelræktarsvæða eftir því sem við á. Ef breytingar verða á lögum um skipulag á þessum svæðum á sjá er eðlilegt að þau nái yfir skeldýrarækt eins og aðra starfsemi.

6. Gr. Staðbundið bann við starfsemi.

SKELRÆKT telur að miða eigi við að sá aðili sem gefur út leyfi hafi jafnframt vald til að afnema leyfi. Ekki er ásættanlegt að mikill fjöldi stofnana geti tlviljanakennt stöðvað rekstur atvinnustarfsemi. Umsagnaraðilar skuli leita til miðlægs aðila (MAST) ef þeir telji að ræktunarfyrirtæki fari ekki að settum reglum.

7. Gr. Tilraunaleyfi.

Með vísan til fyrirkomulags ræktunarsvæða á tilraunastigi í nágrannalöndum t.d. í Kanada leggur SKELRÆKT til að MAST taki að sér nauðsynlegar mælingar á umhverfisþáttum til að ganga úr skugga um að viðkomandi svæði henti til starfseminnar. Mælingarnar nái til hagnýtra þátta eins og framboð af lirfu, tímasetningu lirfuásets. Einnig öryggisþátta er varða heilnæmi.

SKELRÆKT telur að óhjákvæmilegt sé að MAST standi straum af kostnaði við heilnæmisathuganir og séu síkar athuganir á umhverfi í sjó hluti af föstum rekstri stofnunarinnar. Heilnæmisathuganir ná að jafnaði yfir mun stærri svæði en ræktunarsvæði eins ræktunarfyrirtækis og því óeðlilegt að fyrsta ræktunarfyrirtækið á svæðinu greiði

SKELRÆKT

hagsmunasamtök skelræktenda

kostnað vegna heilnæmisathugunar fyrir þá sem á eftir fylla inn í viðkomandi gildissvæði heilnæmisúttektar.

8. Gr. Heilnæmiskönnun

SKELRÆKT ítrekar að ekki er eðlilegt að einstök sprotafyrirtæki greiði kostnað vegna heilnæmiskönnunar. Sprotafyrirtæki á einstökum svæðum ráða ekki við slíkan kostnað auk þess sem heilnæmisúttekt gildir að jafnaði fyrir mun stærri svæði en starfsstöð eins ræktunarfyrirtækis nær yfir.

9. Gr. Ræktunarleyfi.

SKELRÆKT telur ekki eðlilegt að ræktendi sé skyldaður til að sjá um vöktun umhverfis- eða heilnæmisþátta á ræktunarsvæi einsog Matís leggur til. Eðlilegt er að MAST sjái um vöktun heilnæmisþátta og ránnsofnasjóðir fjármagni fökktun hagnýtra umhverfisþátta sem framkvæmdir væri í samstarfi ræktenda og rannsóknaraðila.

Einnig er óeðlilegt að upplýsingar um eignarhald lúti öðrum lögum en gilda um fyrirtæki almennt.

Tryggingar. SKELRÆKT leggst eindregið gegn því að umræddar tryggingar veri hafðar með í lögum amk. fyrst um sinn þar sem tryggingar af því taki sem lagt er til í umsögnum eru ekki til íslenskum tryggingum.

10. Gr. Afturköllun

SKELRÆKT bendir á skeldýrarækt hefur hingað til ekki verið skilgreind sem mengandi starfsemi. Einnig að ekkert er til fyrirstöðu að heilbrigðisfulltrúar geti beitt sér þó MAST sé hinn formlegi aðili sem fer með útgáfu tilrauna- og ræktunarleiýfa.

11. Gr. Mannvirki og búnaður

SKELRÆKT gerir ekki athugasemdir við greinina.

12. Gr. Eftirlit og skýrslugjöf

SKELRÆKT samsinnir svörum SVR við tillögum Sambands Íslenskra Sveitarfélaga.

13. Gr. Lok starfsemi.

SKELRÆKT gerir ekki athugasemdir við greinina.

14. Gr. Framleiðsla og dreifing.

SKELRÆKT gerir ekki athugasemdir við greinina.

15. Gr. Gjaldskrá.

SKELRÆKT ítrekar að gjaldtaka á að vera samkvæmt einfaldri og fastri gjaldskrá. Einungis MAST (sá aðli er veitir leyfin) skal innheimta gjöld vegna skelræktar og gefa út gjaldskrá þal. Gjaldtaka skal vera hófleg og taka mið af markmiðum stjórnvalda um stuðning við uppbyggingu nýrra atvinnuvega.

16. Gr. Framsal

SKELRÆKT gerir ekki athugasemdir við greinina.

17. Gr. Reglugerðarheimild, viðurlög ofl.

SKELRÆKT gerir ekki athugasemdir við greinina.